



Reykjavík, 6. febrúar 2020
SFS2020010202
179. fundur
HG/adg/fb/khs

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins er varðar jafnréttismat á breyttum opnunartíma leikskóla

Á 5572. fundi borgarráðs sem haldinn var 30. janúar 2020 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hvenær vinna við jafnréttismat á breyttum opnunartíma leikskólanna byrjar og hvenær verður henni lokið? Þá er óskað eftir upplýsingum um hverjir koma að gerð matsins og hvaða mælikvarðar verða notaðir við gerð þess. R20010252

Í bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 31. janúar 2020 var fyrirspurnin send skóla- og frístundaráði til meðferðar.

Svar:

Undirbúningur fyrir gerð jafnréttismats stendur yfir. Matið er unnið samkvæmt [leiðbeiningum](#) fjármála og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar. Sérfræðingar í kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun frá fjármála- og áhættustýringarsviði og skóla- og frístundasviði stýra vinnunni við gerð matsins og það er unnið í samstarfi við fleiri aðila á skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Við gerð matsins verður tekið mið af rannsóknum og skýrslum um jafnréttismál er varða tillöguna. Aflað verður gagna úr Völu, innritunar- og innheimtakerfi leikskóla til frekari greiningar á tillögunni. Gerð verður könnun meðal foreldra sem eru með dvalarsamning eftir kl. 16.30 til þess að fá gleggri mynd af aðstæðum þeirra og fá fram skoðanir þeirra á hvernig verði fyrir þá að bregðast við ef opnunartíma verður breytt. Foreldraráðum leikskóla verður boðið að veita umsögn um tillöguna sem og hagsmunasamtökum foreldra og leikskólakennara og stjórnenda leikskóla.

Áætlað er að gagnaöflun fyrir jafnréttismat standi yfir í febrúar, úrvinnsla fari fram samhliða og áætlað að matinu verði lokið um miðjan mars.